

Fundargerð 136. fundar Fræðslusjóðs

Haldinn þriðjudaginn 8. október 2024 kl. 13:00 -14:30

Fundurinn var haldinn á teams.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Hulda Birna Baldursdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Heiðrún Björk Gísladóttir, Karl Rúnar Þórsson.

Fjarverandi: Helga Kristín Kolbeins., Finnþogi Sveinbjörnsson,

Gestur: Maj-Britt Hjördis Briem. Beðið er skipunarbréfs, en hún mun taka sæti Heiðrúnar Bjarkar Gísladóttur sem aðalmaður SA.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir og Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. Úthlutun 2025 - lagt fram á fundinum

- a. Skipting sjóðs milli úthlutunarflokka: námsleiðir, ráðgjöf, raunfærnimat, þróunarverkefni, annað?
- b. Umsóknir 2025
- c. Markhópur Fræðslusjóðs
- d. Úthlutun til námsleiða
- e. Úthlutun til ráðgjafar
- f. Úthlutun til raunfærnimats

Farið var yfir umsóknir fyrir árið 2025. Alls er sótt um 818.6 milljónir til kennslu vottaðra námsleiða. Til náms- og starfsráðgjafar er sótt um 214,1 milljón og til raunfærnimats er sótt um rúmar 225,6 milljónir.

Samtals er sótt um 1.258.321.925 kr.

Umsóknir einstakra fræðsluaðila er sem hér segir:

Fræðsluaðili	Námsleiðir	Ráðgjöf	Raunfærnimat
Mímir-símenntun	286,000,000	42,000,000	25,000,000
Framvegis	60,000,000	11,500,000	13,350,000
Starfsmennt	-	1,300,000	-
IDAN	-	57,000,000	75,551,304
Rafmennt		2,000,000	12,000,000
Samt. höfuðb.svæðið	346,000,000	113,800,000	125,901,304
Símenntun Vesturlandi	27,600,000	10,700,000	15,384,000
Fræðslumst. Vestfj.	22,000,000	7,500,000	12,268,885
Farskólinn NV-landi	16,000,000	4,200,000	2,581,820
SÍMEY	105,000,000	13,600,000	17,093,000
Þekkingarn. Þingeyinga	30,000,000	22,000,000	11,835,660
Austurbrú	39,000,000	5,800,000	11,400,000
Fræðslunet Suðurlands	65,000,000	11,500,000	12,625,000
Viska Vestmannaeyjum	18,000,000	9,000,000	9,898,256
MSS	150,000,000	16,000,000	6,634,000
Samt. landsbyggðin	472,600,000	100,300,000	99,720,621
Samtals allt	818,600,000	214,100,000	225,621,925

Afgreiðsla: Óskað var eftir að starfsmenn FA í samstarfi við varaformann stjórnar Fræðslusjóðs, kanni leiðir til að fá nýrri og greinabetri upplýsingar um markhóp framhaldsfræðslunnar en komu fram á fundinum.

Fram kom að fulltrúar úr stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og framkvæmdastjóri áttu fund með Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra. Á fundinum var m.a. rætt um möguleika þess að Fræðslusjóður greiddi að hluta fyrir eigin rekstur, en rekstur hans hefur alfarið verið á höndum FA hingað til. Ekki liggur fyrir niðurstaða á þessari stundu, en verði það niðurstaðan að sjóðurinn greiði að hluta eigin rekstur, þarf að taka þá upphæð til hliðar áður en skipting milli úthlutunarflokka er tekin.

Ákvörðun um skiptingu sjóðsins milli úthlutunarflokka og úthlutun til fræðsluaðila var frestað til næsta fundar sem boðaður hefur verið 5. nóvember n.k.

3. Verðlisti Fræðslusjóðs 2025 - (fskj. 03 Verðlisti 2024)

Afgreiðsla: Samþykkt að hækka verð á verðlista Fræðslusjóðs um 6,15%. Við ákvörðunina var horft til breytingar á vísitölu neysluverðs frá september 2023 – september 2024 og breytingu á vísitölu launa frá ágúst 2023 til ágúst 2024. Vigtar vísitala neysluverðs 20% í breytingunni en vísitala launa 80%.

Starfsmenn FA munu reikna út nýjan verðlista, sem gildir frá 1. Janúar 2025, og senda samstarfsaðilum sjóðsins sem fyrst.

4. Önnur mál

- Samþykkt að stefna að fræðslu- og skemmtiferð stjórnar í mars á næsta ári.